

Fundur foreldrafélags GSS

6. nóvember 2024

Kaffistofa starfsfólks

Mætt eru: Anna, Dagur, Elfa, Eydís, Guðbjörg, Haukur, Hrefna, Höskuldur, Ingunn, Íris, Kári, Magnús, Ólöf, Rannveig, Þóra

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp til samþykktar

Samþykkt.

2. Innheimta félagsgjalda

Undanfarin ár hafa kröfur verið sendar út að vori, en skv reglum á að senda kröfur út að hausti. Félagið hefur innheimt 3500 kr (3650 kr á heimili með seðilgjaldi).

Það var tekin ákvörðun um að fylgja reglunum og verða því sendar út innheimtur von bráðar.

Skv reglum á foreldrafélagið að styrkja menningarferð 5. bekkjar og skíðaferð 7. bekkjar.

Þetta hefur ekki verið gert undanfarin ár og spurning um það hvort þetta verði leiðrétt með einhverju móti. Gjaldkeri og formaður ætla að skoða það betur.

3. Tilkynning um breytingu á stjórn/prókúru

Skjöl varðandi málið voru undirrituð.

4. Skjal yfir fyrirhugaðar fjáraflanir vetrarins

Það hefur verið gert sameiginlegt skjal fyrir foreldrafélagið, lúðró, X-ið og Snæfell. Þetta hefur strax reynst mjög vel þar sem þetta kom í veg fyrir að margir væru að fara af stað með sömu fjáraflanirnar.

Það kom upp ósk um að skjalinu sé deilt með fleirum og verður skjalið sett út þannig að hægt sé að skoða það (ekki með ritilsaðgang).

5. Bekkjarkvöld

Fulltrúar bekkjanna eru byrjaðir að skipuleggja bekkjarkvöldin. Sumir búnir að festa niður kvöld og viðburð en aðrir komnar styttra á veg. Öll bekkjarkvöld verða haldin í nóvember.

6. Jólasamvera/föndur

Hvílum laufabrauðið í ár

Sett miðvikudaginn 4. des kl 17.30-19.30

Hugmynd um 10 ólíkar stöðvar. Verða ákveðnar í samvinnu á fb síðu félagsins. Á fundinum kom upp eftirfarandi.

- Kóskúlur
- Skreyta piparkökur
- Spil
- Föndur
- Samkvæmisleikir
- Marshmallows eða annað yfir nýju bálþönnunni
- Eldvarnir?

Rannveig gerir auglýsingu á Canva fyrir jólasamveruna.

Senda sem fyrst út svona „takið daginn frá“ auglýsingu og svo síðar aðra með nánari upplýsingum.

5. Bekkur sér um kakósölu á jólasamverunni.

7. Tillögur að fræðsluerindum

- Heimili og skóli, verður kynnt síðar
- Bjarni Fritz – kemur í kringum Júlíönuhátíðina. Væri sniðugt að samnýta það.
- Núvitundarsetrið (nuvitundarsetrid.is)
- Guðrún Jóhanna iðjupjálfi (heimastyrkur.is)
Fræðsla um skynáreiti (heill dagur 200.000)

Setja inn stuttar kynningar á þessum fræðsluerindum og mögulegan verðmiða á facebook síðuna.

8. Önnur mál

Klósettmál – er staðan tímabundið. Hvað væri hægt að gera í málum?
Foreldrafélagið mun senda saman fyrirspurn/ályktun um hvort væri hægt að leysa málin að einhverju leyti með merkingum og auknum þrifum.
Þóra skrifar drög að þeim pósti.

Fundi slitið 18.10